



Börn og netmiðlar

Tækjæign & virkni á samfélagsmiðlum



FJÖLMIÐLANEFND
ICELANDIC MEDIA COMMISSION



Börn og netmiðlar

1. HLUTI - TÆKJAEIGN OG VIRKNI Á SAMFÉLAGSMIÐLUM

Janúar 2022

Fjölmiðlanefnd

Menntavísindastofnun

Höfundur: Ingibjörg Kjartansdóttir

Umsjón: Skúli B. Geirdal

Inngangsorð	4
Helstu niðurstöður	5
Framkvæmd könnunar	6
Niðurstöður	
Aðgangur barna og ungmenna að tækni og tækjum	7
• Áttu eitthvað af [eftirfarandi tækjum] heima?	
Samfélagsmiðlanotkun barna og ungmenna	11
• Ertu með aðgang að [eftirfarandi samfélagsmiðlum]?	
• Hafa foreldrar þínir stofnað fyrir þig eða hjálpað þér að stofna aðgang að samfélagsmiðlum?	
• Ertu með opinn aðgang (sem allir geta séð) eða lokaðan aðgang (sem bara vinir geta séð) á [eftirfarandi samfélagsmiðlum]?	
Upplifun barna og ungmenna á notkun samfélagsmiðla	20
<i>Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi [fullyrðingum]?</i>	
• Ég hef mikið samband við vini mína á samfélagsmiðlum	
• Ég deili því sem er mikilvægt fyrir mig á samfélagsmiðlum	
• Ég hitti fólk sem hefur sömu áhugamál og ég á samfélagsmiðlum	
• Ég fæ mikið af auglýsingum á samfélagsmiðlum	
• Ég eyði miklum tíma á samfélagsmiðlum	
• Ég hef séð eftir sumu sem ég hef deilt á samfélagsmiðlum	
• Mér finnst erfitt að vita hvaða fréttum ég get treyst á samfélagsmiðlum	
Hvað gera börn á samfélagsmiðlum?	25
<i>Hversu oft gerir þú [eitthvað af] eftirfarandi á netinu?</i>	
• Líkar við færslur á samfélagsmiðlum	
• Deilir eða sendir myndbönd á TikTok, Snapchat eða Instagram	
• Ert þátttakandi í hópum á samfélagsmiðlum þar sem fólk er með sömu áhugamál og tómstundir og þú	
• Gerir þín eigin Snapchat, TikTok eða Instagram myndbönd	
• Deilir myndum eða myndböndum í lokuðum hópum (sem bara vinir mínir eða fylgjendur sjá)	
• Setur inn komment á samfélagsmiðlum	
• Deilir myndum eða myndböndum sem sýna andlit þitt	
• Deilir myndum eða myndböndum í opnum aðgangi (sem allir geta séð) á samfélagsmiðlum	
Hvað gera börn á netinu	28
<i>Hversu oft gerir þú [eitthvað af] eftirfarandi á netinu?</i>	
• Notar netið við skólavinnu eða nám	
• Kaupir eitthvað á netinu	
• Leitar að upplýsingum á netinu (t.d. á Google)	
• Skoðar hlut sem þú getur keypt á netinu	
Hvernig áhrifavöldum fylgjast börn með á netinu?	30
• Hvernig áhrifavöldum, t.d. á YouTube, eða bloggurum fylgist þú með á netinu?	
Yfirlit um fjölda þátttakenda	33
Bestu þakkir	34

Fjölmiðlanefndir á Norðurlöndunum og í öðrum ríkjum álfunnar hafa með reglubundnum hætti kannað hvernig börn og ungmenni nota fjölmiðla og samfélagsmiðla. Með því að gera reglubundnar kannanir og vinna úr þeim tölfraðilegu gögnum sem safnað er má fylgjast með þeim breytingum sem verða á notkun. Á grundvelli upplýsinganna er hægt að eiga samtal um ólíka notkun, gefa góð ráð og búa til fræðsluefni fyrir ólíka aldurshópa.

Fjölmiðlanefnd fékk Menntavísindastofnun Háskóla Íslands til að framkvæma viðtæka spurningakönnun meðal grunn- og framhaldsskólanema á aldrinum 9-18 ára um allt land á vormánuðum árið 2021. Um var að ræða norska rannsókn, sem var staðfærð og þýdd, en rannsóknin var upphaflega unnin af norsku fjölmiðlanefndinni Medietilsynet, í samstarfi við Sentio Research í Noregi. Auk þess fékk Medietilsynet aðstoð frá norsku Neytendastofnuninni, Kripos og Barnaheillum í Noregi. Umsjón með verkefninu hafði Thea Grav Rosenberg.

Niðurstöður þessarar viðtæku spurningakönnunar meðal íslenskra barna og ungmenna verða kynntar í nokkrum hlutum. Í fyrsta hluta er fjallað um **miðlanotkun barna og ungmenna**. Í öðrum hluta er fjallað um **kynferðisleg komment og nektarmyndir**. Í þriðja hluta er sjónum beint að **öryggi barna og ungmenna á netinu** og í fjórða hluta er viðfangsefnið **klám**. Fimmta skýrslan fjallar um **notkun barna og ungmenna á tölvuleikjum** og sú sjötta um **fjölmiðla-notkun** þeirra og hvort þau verði vör við **falsfréttir**. Síðasta hlutanum er síðan ætlað að lýsa **upplifun barna og ungmenna á netinu**.


Er þetta í fyrsta sinn sem Fjölmiðlanefnd, í samstarfi við Menntavísindastofnun, birtir niðurstöður slíkrar umfangsmikillar könnunar. Fyrirhugað er að gera sambærilega könnun á tveggja til þriggja ára fresti til að kanna miðlanotkun og færni barna og ungmenna þannig að hægt verði að bera saman niðurstöðurnar og hvernig notkun þróast.

Í lokin verða upplýsingarnar gerðar aðgengilegar í heildstæðri skýrslu. Þá verður jafnframt tryggt að fræðasamfélagið og aðrir geti nálgast rannsóknargögn á aðgengilegu formi, að teknu tilliti til persónuverndarsjónarmiða, þar sem niðurstöður könnunarinnar geta orðið uppspretta frekari kannana og rannsókna.




Elfa Yr Gylfadóttir


Framkvæmdastjóri Fjölmiðlanefndar




Næstum **öll börn** í grunn- og framhaldsskóla **eiga eigin farsíma**.




Algengasti samfélagsmiðillinn er **YouTube**. Flestir nemendur eru með **eigin aðgang** að miðlinum.



Rúmlega **priðjungur** nemenda á unglinga- og framhaldsskólastigi **hefur séð eftir færslu** sinni á **samfélagsmiðlum**.



Rúmlega **helmingur** nemenda á unglinga- og framhaldsskólastigi **líkar daglega** við færslur á **samfélagsmiðlum**.



Notkun **netsins** við **skólanám** **eykst með aldri** og u.þ.b. **tvöfaldast** milli unglingastigs og framhaldsskóla.

Í skýrslu þessari birtist hluti af niðurstöðum könnunarinnar *Börn og netmiðlar*. Könnunin náði um allt land og byggir á rannsókn norsku fjölmiðlanefndarinnar *Barn og media*. Við þökkum henni fyrir aðstoð og samstarf við undirbúning og skipulagningu þessa verkefnis.

Fyrirlögn könnunarinnar var rafræn með slembivöldu úrtaki skólanema á aldrinum 9 – 18 ára. **Alls tóku 5.911 nemendur þátt**, þar af voru 4.802 grunnskólanemendur í 4.-10. bekk og 1.109 framhaldsskólanemendur. Könnunin var framkvæmd með nokkuð mismunandi hætti í grunnskólum annars vegar og framhaldsskólum hins vegar.

Í þeim hluta könnunarinnar sem framkvæmdur var á **meðal grunnskólanema voru skólar slembivaldir á öllum landsvæðum**. Heimild var fengin hjá fræðslustjórum eða skólaskrifstofum viðkomandi svæða til að hafa samband við skólastjóra innan viðkomandi fræðslusvæðis. **23 af 25 boðuðum skólum samþykktu þátttöku**. Úrlausnir bárust frá öllum skólum nema tveimur. Skólarnir sendu forsjáraðilum nemenda upplýsingabréf frá rannsakendum um fyrirhugaða könnun og gefinn var kostur á að hafna þátttöku. **Könnunin var lögð fyrir grunnskólanemendur í kennslustund** eftir settum verklagsreglum og notaðar voru tölvur í eigu skólanna.

Fyrirlögn meðal nemenda framhaldsskólanna var að nokkru leyti frábrugðin þó að þátttakendur hafi fengið sama spurningalista og nemendur á unglingastigi grunnskóla. Haft var samband við um **30 framhaldsskóla og 23 þeirra samþykktu þátttöku**. Starfsmenn skóla sendu upplýsingar um fyrirhugaða könnun til forsjáraðila allra nemenda sem ekki höfðu náð 18 ára aldri, að auki fylgdu með upplýsingar fyrir þá sem vildu hafna þátttöku barna sinna. **Netpóstur með upplýsingum um könnunina og þátttökuhlekk var síðan sendur í netpósti til allra nemenda** sem voru 18 ára eða yngri og höfðu ekki hafnað þátttöku. Allir skólar nema einn sendu út eina ítrekun til nemenda.

Þátttakendum var gerð grein fyrir að þeim bæri engin skylda til að taka þátt í könnuninni, þeir mættu sleppa spurningum og/eða hætta þátttöku hvenær sem þeir vildu. **Einnig var þeim greint frá því að ekki væri verið að afla neinna persónuupplýsinga**. Útsendir spurningalistar voru að meginstofni til þeir sömu, **styttri útgáfa var fyrir nemendur í 4.-7. bekk**, en lengri listi með viðbættum efnisflokkum var ætlaður nemendum í 8. bekk og eldri. Þátttakendur í framhaldsskólum fengu sama spurningalista og lagður var fyrir nemendur í 8.-10. bekk grunnskóla.

Tímabil fyrirlagnar var frá miðjum mars og fram til fyrstu viku maímánaðar 2021. Niðurstöður fyrir grunnskólanema voru vigtaðar fyrir bekk og landssvæði. Niðurstöður fyrir framhaldsskólanema voru vigtaðar eftir kyni og landssvæði.

AÐGANGUR BARNNA OG UNGMENNA AÐ TÆKNI OG TÆKJUM

Í upphafi könnunarinnar voru allir þátttakendur spurðir hvort þeir hefðu aðgang að farsíma, tölvu/fartölvu og fleiri snjalltækjum. Einnig hvort þeir deildu aðgangi með öðru heimilisfólki eða hefðu sinn eigin aðgang.

HLUTFALL ÞÁTTTAKENDA SEM ÁTTU SJÁLFIR EFTIRFARANDI TÆKI

FARSÍMA

95% í 4.-7. bekk (9-12 ára)

98% í 8.-10. bekk (12-16 ára)

100% í framhaldsskóla (16-18 ára)

SPJALDTÖLVU

52% í 4.-7. bekk (9-12 ára)

51% í 8.-10. bekk (12-16 ára)

45% í framhaldsskóla (16-18 ára)

TÖLVU/FARTÖLVU

38% í 4.-7. bekk (9-12 ára)

65% í 8.-10. bekk (12-16 ára)

97% í framhaldsskóla (16-18 ára)

SJÓNVARP

55% í 4.-7. bekk (9-12 ára)

69% í 8.-10. bekk (12-16 ára)

68% í framhaldsskóla (16-18 ára)

LEIKJATÖLVU


56% í 4.-7. bekk (9-12 ára)

60% í 8.-10. bekk (12-16 ára)

51% í framhaldsskóla (16-18 ára)

MYND 1. ÁTTU EITTHVAÐ AF ÞESSU HEIMA?

Hlutfall eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.




Á mynd 1 má sjá að með aldri hækkar hlutfall þeirra sem eiga eigin farsíma, tölvu/fartölvu og sjónvarp. Hins vegar er heldur lægra hlutfall framhaldsskólanema sem á leikjatölvu, spjaldtölvu eða úr sem hægt er að hringja með en meðal nemenda á grunnskólastigunum tveimur.

Næstum öll 9-18 ára börn eiga farsíma (95-100%), og rúmur helmingur grunnskólabarna á spjaldtölvu, leikjatölvu, og/eða eigið sjónvarp. Á unglinga- og framhaldsskólastigi er tölvu/fartölvueign algeng (65-97%). Rúm 40% grunnskólabarna á báðum námsstigum eiga snjallúr sem hægt er að hringja með en hlutfallið lækkar í 29% í framhaldsskóla. Næstum öll börn (98%) hafa aðgang að eigin sjónvarpi eða deila aðgangi með öðrum á heimilinu.

MYND 2. ÁTTU EITTHVAÐ AF ÞESSU HEIMA?

Hlutfall stráka og stelpna eftir skólastigum sem eiga sjálf eftirfarandi snjalltæki. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



FARSÍMAR

Langflest börn og ungmenni á aldrinum 9-18 ára eiga eigin farsíma (95-100%). Aðeins 3% af 9-12 ára börnum (4.-7. bekk) segjast ekki eiga eigin farsíma. Í yngstu aldurshópnum 9 og 10 ára eru um 5% sem ekki eiga farsíma. Tiltölulega lítill kynjamunur er á farsímaeign barna og ungmenna í öllum aldursflokkum.

LEIKJATÖLVUR TENGJANLEGAR VIÐ SJÓNVÖRP

Um og yfir helmingur (51-60%) 9-18 ára barna eiga leikjatölvu tengda við sjónvarp (Xbox, PlayStation eða svipað). Þó nokkrir til viðbótar (18-24%) hafa aðgang að leikjatölvu með öðrum í fjölskyldunni.

Kynjahallinn reyndist mestur þegar að spurt var um leikjatölvueign. Tæpur þriðjungur stelpna (28-33%) á spjaldtölvu samanborið við 73-88% drengja. Færri framhaldsskólanemar (51%) en grunnskólanemar (58%) eiga leikjatölvu. Meðal stúlkna á grunnskólaaldri var verulega algengara að deila leikjatölvum með öðrum í fjölskyldunni (32% stelpna á móti 11% stráka).

SJÓNVARP

Nær allir grunn- og framhaldsskólanemar hafa aðgang að sjónvarpi (98 prósent). Algengast er að eiga eigið sjónvarp (61% grunnskólanema og 68% framhaldsskólanema). Tvö prósent á báðum skólastigum hökuðu við að hafa ekki aðgang að sjónvarpi.

Meirihluti stráka á grunnskólaaldri er með eigið sjónvarp (68%) og líka stelpna (54%). Munur milli kynja er heldur minni meðal framhaldsskólanema, eða 73% stráka eiga eigið sjónvarp en 63% stelpna.

SPJALDTÖLVUR

Um helmingur grunnskólabarna á spjaldtölvur (51-52%) þ.e. iPad eða álíka. Heldur fleiri börn í 4.-7. bekk eiga eða hafa aðgang að spjaldtölvum heima hjá sér (78%) en börn í 8.-10. bekk (70%). Meðal grunnskólabarna eru aðeins fleiri (4-10%) stelpur en strákar sem eiga spjaldtölvur. Í framhaldsskóla er spjaldtölvueign aðeins fátíðari og munur milli kynja óverulegur.

TÖLVUR OG FARTÖLVUR

Far-/tölvueign eykst með aldri frá 9 – 18 ára aldurs (38-97%). Jafn margir þátttakendur í 4.-7. bekk eiga (38%) eða höfðu aðgang (38%) að tölvu heima með fjölskyldu sinni. Í 8.-10. bekk voru u.þ.b. þrefalt fleiri (65%) sem eiga eigin tölvu en þeir sem aðeins höfðu aðgang að tölvu með fjölskyldu sinni (24%). Meðal framhaldsskólanemenda var tölvueign almenn þar sem 97% hökuðu við að eiga sína eigin tölvu.

Kynjamunur var breytilegur eftir aldri. Meðal yngstu nemendanna (4.-10. bekk) var tæpur helmingur (46%) stráka sem á eigin tölvu en aðeins 29% stelpna. Með hækkandi skólastigi minnkaði munurinn milli kynjanna og var 1% meðal framhaldsskólanemenda (98% stráka eiga tölvu en 97% stelpna).


ÚR SEM HÆGT ER AÐ HRINGJA MEÐ

Hlutfall grunnskólabarna sem eiga snjallúr sem hægt er að hringja með var 42% en meðal nemenda í framhaldsskóla var hlutfallið heldur lægra eða 29%. Hlutfall þeirra sem hefur aðgang að slíku tæki með fjölskyldu sinni var 3-5%. Aðeins fleiri strákar en stelpur í grunnskóla eiga slík úr, eða 46% stráka á móti 37% stelpna.

SAMFÉLAGSMIÐLANOTKUN BARNNA OG UNGMENNA

HVAÐA SAMFÉLAGSMIÐLA NOTA BÖRN OG UNGMENNI?


Allir þátttakendur voru spurðir um hvaða samfélagsmiðla þeir nota. Spurningin var fjölvalsspurning.




MYND 3. NOTAR ÞÚ EITTHVAÐ AF EFTIRTÖLDUM SAMFÉLAGSMIÐLUM?

Hlutfall eftir skólastigum, tölur á mynd eru hlutfallstölur. (Grunnskóli n=4805, framhaldsskóli n=1092)


4.-7. bekkur



8.-10. bekkur



Framhaldsskóli




Næstum öll börn í grunnskóla (90%) og framhaldsskóla (93%) nota YouTube. Í 4.-10 bekk samantekið fyrir grunnskóla eru næstu vinsælu samfélagsmiðlar Snapchat (72%) og TikTok (69%). Í framhaldsskóla eru tveir næstu miðlar Instagram (90%) og Snapchat (90%).

Í 4.-7. bekk nota meira en helmingur nemenda YouTube (88%), TikTok (59%), Snapchat (57%) og Roblox (52%). Instagram er aðeins notað af tæpum (29%). Í 8.-10. bekk eru næstu vinsælu samfélagsmiðlarnir á eftir YouTube (94%), Snapchat (93%), Instagram (89%) og TikTok (83%). Roblox er aðeins notað af 17% nemenda á unglingastigi.

Notkun á Facebook samfélagsmiðlinum eykst með aldri, er 12% á miðstigi, 64% á unglingastigi og 83% meðal framhaldsskólanema. Á mynd 3 má sjá nánar hvernig samfélagsmiðlar raðast eftir vinsældum innan hvers skólastigs.

MYND 4. NOTAR ÞÚ EITTHVAÐ AF EFTIRTÖLDUM SAMFÉLAGSMIÐLUM?

Hlutfall stráka og stelpna eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



YOUTUBE

Langflestir þátttakendur í öllum aldurshópum nota YouTube en hlutfallið er litlu lægra í 4.-7. bekk en í eldri aldurshópunum tveimur. Aðeins fleiri strákar en stelpur nota YouTube í öllum aldursflokkum. Samantekið fyrir grunnskólaaldur eru hlutföllin 94% stráka en 87% stelpna. Í framhaldsskóla eru hlutföllin aðeins hærri, eða 97% stráka og 90% stelpna, sjá mynd 4.

SNAPCHAT

Notkun Snapchat eykst með aldri bæði hjá strákum og stelpum. Heldur fleiri stelpur nota Snapchat en strákar. Samantekið fyrir grunnskólaaldur eru hlutföllin 66% stráka en 78% stelpna. Í framhaldsskóla eru hlutföllin aðeins hærri, eða 86% stráka og 94% stelpna, sjá mynd 4.

TIKTOK

Nokkuð fleiri stelpur en strákar nota TikTok á öllum skólastigum. Samantekið hlutfall stráka sem nota TikTok í grunnskóla er 62% en stelpna 76%. Færri strákar í framhaldsskóla (58%) nota TikTok en samantekið fyrir þátttakendur í grunnskóla.

INSTAGRAM

Aðeins fleiri stelpur en strákar nota Instagram. Samantekið fyrir grunnskóla nota 60% stelpna og 47% stráka Instagram. Á mynd 4 sést skýrt að mun færri í yngsta nemendahópnum á miðstigi grunnskóla (4.-7. bekk) nota Instagram en á unglinga og framhaldsskólastigi.

FACEBOOK

Einn af hverjum tíu nemendum í 4.-7. bekk nota Facebook og hlutfall kynja er nokkuð jafnt. Í 8.-10. bekk og framhaldsskóla eru aðeins fleiri stelpur en strákar sem nota Facebook og hlutfall notenda eykst með hækkandi skólastigi.

DISCORD

Allt að þrefalt fleiri strákar en stelpur nota Discord á öllum skólastigum. Samantekið fyrir grunnskóla er hlutfall stráka 41% en 14% stelpna. Í framhaldsskóla er hlutfall stráka 64% en stelpna 26%.

ROBLOX

Þessi samfélagsmiðill er nokkuð vinsælli meðal stelpna (61%) en stráka (44%) og sérstaklega í yngsta aldurshópnum, 4.-7. bekk. Nokkuð dregur úr vinsældum smáforritsins með hækkandi aldri.


TWITTER

Í öllum aldurshópum eru aðeins fleiri strákar en stelpur sem nota Twitter. Samantekið fyrir grunnskóla nota 18% stráka og 13% stelpna þennan miðil.

Allir þátttakendur voru spurðir um hvort og hvernig aðgang þeir hefðu að nokkrum samfélagsmiðlum. Algengast meðal 4.-10. bekkina er að hafa eigin aðgang að Snapchat (60%) og rúmlega helmingur er með eigin aðgang að YouTube (51%). Tæpur þriðjungur er með aðgang að Instagram (31%) en fæstir eru með eigin aðgang að Facebook (14%).

MYND 5. ERTU MEÐ AÐGANG AÐ [EFTIRFARANDI SAMFÉLAGSMIÐLUM] ?


Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Langflest börn í 8.-10. bekk eru með eigin aðgang að öllum fimm samfélagsmiðlunum, algengast er að vera með aðgang á Snapchat (95%) en fæstir með Facebook (78%).

Á framhaldsskólastigi er aðgengi að samfélagsmiðlunum svipað (94 – 96%) en þar eru fæstir með aðgang að TikTok (79%).

MYND 6. YFIRLITSMYND SEM SÝNIR HLUTFALL STRÁKA OG STELPNA SEM ERU MEÐ EIGIN AÐGANG AÐ ALGENGUSTU SAMFÉLAGSMIÐLUM.




Mynd 6 sýnir hlutfall stráka og stelpna með eigin aðgang að samfélagsmiðlunum. Í 4.-7. bekk er lítill munur á kynjunum, fyrir utan YouTube þar sem hlutfall stráka (64%) er nokkuð hærra en stelpna (37%). Meðal nemenda í 8.-10. bekk er einnig lítill munur milli kynja nema á YouTube, en 94% stráka samanborið við 76% stelpna eru með eigin aðgang að þeim miðli. Meðal framhaldsskólanema er mestan mun milli kynja að finna varðandi eigin aðgang að TikTok, en þar er hlutfall stelpna 91% og stráka 66%.

Þátttakendur með eigin aðgang á samfélagsmiðlunum Snapchat, Instagram, TikTok, YouTube og Facebook voru spurðir hvort foreldrar þeirra hafi aðstoðað þá við að stofna aðgang.

MYND 7. HAFNA FORELDRAR ÞÍNIR STOFNAÐ FYRIR ÞIG EÐA HJÁLPAÐ ÞÉR AÐ STOFNA AÐGANG AÐ SAMFÉLAGSMIÐLUM?

Tölur á mynd eru hlutfallstölur.




Um 60% þátttakenda í öllum þremur aldursflokkum höfðu fengið aðstoð foreldra sinna við að stofna aðgang að samfélagsmiðlum. Hlutfall þeirra sem ekki fengu aðstoð jókst með aldri, frá 16% í 4.-7. bekk í 30% meðal framhaldsskólanema.

Í öllum aldurshópum höfðu aðeins fleiri stelpur en strákar (12-16%) fengið aðstoð foreldra sinna við að stofna aðgang að samfélagsmiðli, sjá mynd 8.

MYND 8. HLUTFALL STELPNA OG STRÁKA SEM FENGU AÐSTOÐ FORELDRA SINNA VIÐ AÐ STOFNA AÐGANG AÐ SAMFÉLAGSMIÐLUM.

Tölur á mynd eru hlutfallstölur.




OPINN EÐA LOKAÐUR REIKNINGUR Á SAMFÉLAGSMÍÐLUM?

Þátttakendur með eigin aðgang að Snapchat, Instagram, TikTok, YouTube eða Facebook voru spurðir hvort þeir hefðu opinn aðgang, sem allir gætu séð, eða lokaðan á samfélagsmiðlum.

MYND 9. ERTU MEÐ OPINN AÐGANG (SEM ALLIR GETA SÉÐ) EÐA LOKAÐAN AÐGANG (SEM BARA VINIR GETA SÉÐ) Á EFTIRFARANDI SAMFÉLAGSMÍÐLUM?

Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Í yngsta aldurshópnum (4.-7. bekk grunnskóla) er hlutfall þeirra sem eru með lokaðan aðgang hærra en þeirra sem eru með opinn aðgang, fyrir utan YouTube þar sem 36% voru með opinn aðgang en 26% lokaðan. Þá er nokkuð hátt hlutfall í þessum aldurshópi sem veit ekki hvort aðgangurinn þeirra er opinn eða lokaður á Facebook (62%), Instagram (45%), YouTube (33%) og Snapchat (30%).

Á unglingastigi (8.-10. bekk) eru fleiri þátttakendur með lokaðan aðgang en opinn á öllum uppgefnum samfélagsmiðlum. Samanborið við yngsta aldurshópinn eru þó hlutfallslega fleiri í 8.-10. bekk sem eru með sína aðganga opna á Facebook, Instagram, TikTok og Snapchat.

Framhaldsskólanemar eru í öllum tilfellum nema á Instagram fremur með lokaðan aðgang. Hlutfall þeirra sem eru með opinn aðgang á Instagram er þremur prósentustigum hærra (44) en þeirra sem eru með lokaðan aðgang (41). Á mynd 10 sést samanburður milli kynja og aldurshópa varðandi opna eða lokaða aðganga á algengustu samfélagsmiðlum.

YOUTUBE

Rúmlega tvöfalt fleiri strákar en stelpur eru með opinn aðgang á YouTube og munur milli aldurs- hópa er í kringum 2-3 prósentustig. Nokkuð fleiri stelpur en strákar eru með takmarkaðan aðgang á YouTube og eykst það með hækkandi aldri.

TIKTOK

Á TikTok eru einnig fleiri strákar en stelpur með opinn aðgang á báðum stigum í grunnskóla. Meðal nemenda í framhaldsskólum er hlutfall stráka, sem er með opinn aðgang, nokkru lægra og kynja- munur minni en hjá grunnskólanemum. Töluvert fleiri stelpur (54-57%) en strákar (23-41%) eru með takmarkaðan aðgang að TikTok.

SNAPCHAT

Hlutfall stráka sem er með opinn aðgang er 31-36% en hlutfall stelpna 15-18%. Ekki er mikill munur á milli skólastiga hvað þetta varðar. Takmarkaður aðgangur er algengari meðal stelpna (49-62%) samanborið við (30-47%) stráka.

INSTAGRAM

Færri nemendur í 4.-7. bekk eru með opinn aðgang á Instagram en á unglingastigi og í framhalds- skóla. Kynjamunur minnkar með hækkandi aldri. Í grunnskóla er takmarkaður aðgangur algengari hjá stelpum en hlutfallið jafnast þegar komið er í framhaldsskóla.

FACEBOOK











Tíðara er meðal stráka en stelpna að vera með opinn aðgang á Facebook. Nokkuð færri strákar en stelpur eru með opinn aðgang að Facebook en á hinum samfélagsmiðlunum. Aðeins fleiri stelpur en strákar eru með takmarkaðan Facebook aðgang og hækkar hlutfall þátttakenda með takmarkaðan aðgang með aldri.

MYND 10. HLUTFALL NEMENDA MEÐ OPINN OG TAKMARKAÐUR AÐGANG Á UPPGEFNUM SAMFÉLAGSMÍÐLUM.

Tölur á mynd eru hlutfallstölur.

Opinn aðgangur

Takmarkaður aðgangur



Strákar Stelpur


UPPLIFUN BARNA OG UNGMENNA Á NOTKUN SAMFÉLAGSMIÐLA

Þátttakendur á unglingastigi grunnskóla (8. – 10. bekk) og í framhaldsskóla voru beðnir að taka afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga um upplifun og notkun sína á samfélagsmiðlum.


MYND 11. UM SAMFÉLAGSMIÐLANOTKUN - HVERSU SAMMÁLA EÐA ÓSAMMÁLA ERTU EFTIRFARANDI?

Tölur á mynd eru hlutfallstölur.


Ég hef mikið samband við vini mína á samfélagsmiðlum



Ég deili því sem er mikilvægt fyrir mig á samfélagsmiðlum



Ég hitti fólk sem hefur sömu áhugamál og ég á samfélagsmiðlum




Meðal grunn- og framhaldsskólanema eru 83% sammála því að þau hafi mikil samskipti við vini sína á samfélagsmiðlum, en óverulegur munur er á milli skólastiganna (1 prósentustig). Um þriðjungur á hvoru skólastigi eru samþykkt því að þau deili því sem þeim finnst mikilvægt á samfélagsmiðlum. Svipað hlutfall er sammála því að á miðlunum hitti þau fólk með svipuð áhugamál og þau sjálf.

MYND 12. UM SAMFÉLAGSMIÐLANOTKUN - AÐEINS ÞEIR SEM ERU SAMMÁLA


FULLYRÐINGUNUM.

Flokkað eftir kynjum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.


Ég hef mikið samband við vini mína á samfélagsmiðlum



Ég hitti fólk sem hefur sömu áhugamál og ég á samfélagsmiðlum



Ég deili því sem er mikilvægt fyrir mig á samfélagsmiðlum



Mynd 12 sýnir hlutfall stráka og stelpna á unglinga- og framhaldsskólastigi sem eru sammála þremur mismunandi fullyrðingum. Tiltölulega lítill munur er eftir kyni og aldri.

Meirihluti aðspurðra (79-88%) er sammála því að þeir hefðu mikið samband við vini sína á samfélagsmiðlum. Hlutfall stelpna er 8 prósentustigum hærra en stráka.

Strákar taka hins vegar frekar en stelpur (9 prósentustigum) undir fullyrðinguna um að þeir hitti fólk á samfélagsmiðlunum með svipuð áhugamál og þeirra eigin.


Stelpur eru þá líklegri en strákar til að vera sammála því að þær hafi mikil samskipti við vini sína og að þær deili hlutum sem eru mikilvægir fyrir þær á samfélagsmiðlum, í 8.-10. bekk nemur munurinn á milli kynja 6 prósentustigum en í framhaldsskóla 11 prósentustigum.

Þátttakendur á unglingastigi grunnskóla og í framhaldsskóla voru enn fremur beðnir um að meta eftirfarandi fjórar fullyrðingar um upplifun sína á samfélagsmiðlum.


MYND 13. UPPLIFUN AF SAMFÉLAGSMIÐLUM - HVERSU SAMMÁLA EÐA ÓSAMMÁLA ERTU ?

Tölur á mynd eru hlutfallstölur.


Ég fæ mikið af auglýsingum á samfélagsmiðlum





Ég eyði miklum tíma á samfélagsmiðlum



Ég hef séð eftir sumu sem ég hef deilt á samfélagsmiðlum



Mér finnst erfitt að vita hvaða fréttum ég get treyst á samfélagsmiðlum



Langflestir þátttakendur á unglinga- og framhaldsskólastigi (63% og 76%) eru sammála því að þeir fái mikið af auglýsingum á samfélagsmiðlunum. Heldur fleiri framhaldsskólanemar (63%) segjast fá mikið af auglýsingum en á unglingastigi (76%).

Jafnframt eru flestir þátttakendur sammála því að þeir eyði miklum tíma á samfélagsmiðlum, 63% nema í 8.-10. bekk og 70% framhaldsskólanema.


Þriðjungur nemenda í 8.-10. bekk hefur séð eftir einhverju sem þeir deildu á samfélagsmiðlum. Meðal framhaldsskólanema er hlutfallið aðeins hærra, eða 41%. Álíka margir eru ósammála því að þeir hafi séð eftir einhverju sem þeir höfðu deilt á samfélagsmiðlum, 37% nema í 8.-10. bekk og 33% framhaldsskólanema.

Um þriðjungur á báðum skólastigum (33% og 36%) er sammála fullyrðingunni um að þeim finnst erfitt að vita hvaða fréttum á samfélagsmiðlum er hægt að treysta. Nánar má sjá hlutfall þeirra sem ekki taka afstöðu eða eru mótfallnir fullyrðingunum á mynd 13.


MYND 14. UPPLIFUN AF SAMFÉLAGSMIÐLUM - AÐEINS ÞEIR SEM ERU SAMMÁLA FULLYRÐINGUNUM.

Svör fyrir stráka og stelpur. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.


Ég fæ mikið af auglýsingum á samfélagsmiðlum




Ég eyði miklum tíma á samfélagsmiðlum



Ég hef séð eftir sumu sem ég hef deilt á samfélagsmiðlum



Mér finnst erfitt að vita hvaða fréttum ég get treyst á samfélagsmiðlum



Fleiri stelpur en strákar eru sammála þeim fullyrðingum sem birtar eru á mynd 13. Þegar að spurt er um auglýsingar á samfélagsmiðlum er lítill munur á svörum stráka og stelpna í grunnskóla. Í framhaldsskóla eru þó nokkuð fleiri stelpur (82%) en strákar (71%) sammála því að þær fái mikið af auglýsingum á samfélagsmiðlum.

Nokkuð fleiri stelpur en strákar taka undir að þær eyði miklum tíma á samfélagsmiðlum. Á báðum skólastigum eru munur milli kynja nálægt 20 prósentustigum.

Þá eru einnig fleiri stelpur en strákar samþykkar því að þær hafi séð eftir einhverju sem þær hafi deilt á samfélagsmiðlum. Á unglíngastigi grunnskóla er hlutfallið meðal stráka 28% en stelpna 38%. Í framhaldsskóla eru sambærilegar niðurstöður, 35% hjá strákum og 47% meðal stelpna.

Í fjórða og síðasta liðnum eru stelpur einnig frekar sammála fullyrðingunni. Fleiri stelpur en strákar telja sig eiga erfitt með að treysta fréttum á samfélagsmiðlum á báðum skólastigum og nemur munurinn 6-10 prósentustigum.


HVAÐ GERA BÖRN Á SAMFÉLAGSMÍÐLUM?

Allir þátttakendur sem notuðu samfélagsmiðla voru spurðir hvort og hversu oft þeir framkvæmdu eftirfarandi átta aðgerðir á miðlunum.


MYND 15. HVERSU OFT GERIR ÞÚ EFTIRFARANDI Á NETINU?

Tölur á mynd eru hlutfallstölur.


Líkar við færslur á samfélagsmiðlum




Deilir eða sendir myndbönd á TikTok, Snapchat eða Instagram




Ert í hópum þar sem fólk er með sömu áhugamál og þú




Gerir þín eigin Snapchat, TikTok eða Instagram myndbönd




Deilir myndum eða myndböndum í lokuðum hópum




Setur inn komment á samfélagsmiðlum



Deilir myndum eða myndböndum sem sýna andlit þitt




Deilir myndum eða myndböndum í opnum aðgangi




Á næstu mynd má sjá sömu niðurstöður og á fyrri mynd en daglegum athöfnum er raðað eftir algengi fyrir hvert skólastig.

MYND 16. HVERSU OFT GERIR ÞÚ EFTIRFARANDI Á NETINU? HLUTFALL AF DAGLEGUM ATHÖFNUM.


4.-7. bekkur



8.-10. bekkur



Framhaldsskóli




Dagleg virkni er tæplega helmingi fátíðari hjá börnum í yngsta aldurshópnum en meðal nemenda á unglinga- og framhaldsskólastigi. Vinsælast hjá öllum þremur aldurshópnum er að líka við færslur. Um fjórðungur nemenda 4.-7. bekk líkar daglega við færslur, 49% í 8.-10. bekk og í framhaldsskóla er hlutfallið 61%. Rúmur þriðjungur nemenda í 8.-10. bekk og í framhaldsskóla deilir myndum sem sýna andlit þeirra, en það er afar fátítt meðal nemenda í 4.-7. bekk (9%). Í öllum hópnum þremur er nokkuð sjaldgæft að deila myndum í opnum hópum sem allir geta séð, 3% í 4.-7. bekk, 8% í 8.-10. bekk og 5% í framhaldsskólum. Almennt er minni virkni á samfélagsmiðlum meðal þátttakenda í 4.-7. bekk en á unglingastigi (8.-10. bekk) og í framhaldsskóla.

Á mynd 17 má sjá hlutfall stelpna og stráka sem eru virk við ýmsar athafnir á samfélagsmiðlunum einu sinni í viku eða oftar. Í flestum athöfnum eru stelpur virkari en strákar, t.a.m. við að líka við færslur á samfélagsmiðlunum, deila myndum eða myndböndum og gera sín eigin með TikTok eða Snapchat. Þá er einnig algengara að stelpur deili myndböndum þar sem andlit þeirra sést.

Eina athöfnin á samfélagsmiðlum sem er nokkuð algengari meðal stráka er að sækja í hóp þar sem fólk er með sömu áhugamál og þeir. Óverulegur munur er milli stráka og stelpna sem deila myndum eða myndböndum í opnum aðgangi sem allir geta séð, enda er um fáa einstaklinga að ræða.

MYND 17. HVERSU OFT GERIR ÞÚ EFTIRFARANDI Á NETINU?

Hlutfall stelpna og stráka sem eru virk á samfélagsmiðlum einu sinni í viku eða oftar. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.




HVAÐ GERA BÖRN Á NETINU?

Þátttakendur voru einnig spurðir um hversu oft þeir notuðu netið til að leita upplýsinga, kaupa eitthvað, skoða hluti sem þeir gætu keypt eða til að leysa skólaverkefni.


MYND 18. HVERSU OFT GERIR ÞÚ EFTIRFARANDI Á NETINU?

Tölur á mynd eru hlutfallstölur.


Notar netið við skólavinnu eða nám




Kaupir eitthvað á netinu



Leitar að upplýsingum á netinu



Skoðar hluti sem þú getur keypt á netinu



Hlutfall barna og ungmenna sem nota netið til að leysa skólaverkefni eykst með aldrinum, frá því að vera 7% sem gera það daglega í 4.-7. bekk, 38% í 8.-10. bekk og í framhaldsskóla er hlutfallið komið í 74%.


Afar fáir þátttakendur kaupa sér eitthvað á netinu daglega eða vikulega. Langflestir, u.þ.b. 70%, merkja við svarmöguleikana „sjaldnar [en í hverjum mánuði]“ eða „aldrei“. Meira en helmingur ungmenna í 8.-10. bekk leitar sér upplýsinga daglega á netinu en í framhaldsskóla er hlutfallið 74%. Yngsti hópurinn fékk ekki þessa spurningu.

U.þ.b. 40% ungmenna í 8.-10. bekk og framhaldsskóla skoða daglega eða vikulega hluti sem þau geta keypt á netinu. Svarhlutfall þessara tveggja aldurshópa er mjög svipað, en yngsti hópurinn fékk ekki þessa spurningu.

Þátttakendur á unglingastigi grunnskóla og í framhaldsskóla eru enn fremur beðnir um að meta eftirfarandi fjórar fullyrðingar um samfélagsmiðla.

MYND 19. HVERSU OFT GERIR ÞÚ EFTIRFARANDI Á NETINU?

Hlutfall stráka og stelpna sem gera eitthvað af eftirfarandi a.m.k. vikulega. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.




Stelpur eru virkari í öllum aðspurðum liðum á netinu að undanskildu því að kaupa hluti a.m.k. vikulega á netinu. Tveir seinni liðirnir voru ekki lagðir fyrir yngsta hópinn.

HVERNIG ÁHRIFAVÖLDUM FYLGJAST BÖRN MEÐ?


Allir þátttakendur voru spurðir ýmissa spurninga sem tengjast áhrifavöldum, YouTube-stjörnum og bloggurum sem þau mögulega fylgja eða skoða á netinu.

MYND 20. HVERNIG ÁHRIFAVÖLDUM, T.D. Á YOUTUBE, EÐA BLOGGURUM FYLGIST ÞÚ MEÐ Á NETINU? Niðurstöður fjölvalsspurningar eftir algengi og skólastigum. Tölur eru hlutfallstölur.


4.-7. bekkur



8.-10. bekkur




Framhaldsskóli



Að fylgjast með tölvuleikjum og fólki að spila þá er vinsælast meðal yngsta aldurshópsins og þar á eftir kemur að fylgjast með tónlist. Hins vegar er vinsælast meðal þátttakenda á unglinga- og framhaldsskólastigi að fylgjast með tónlist á netinu og tölvuleikjaspil kemur þar á eftir. Áhorf á íþróttatengda áhrifavalda minnkar með hækkandi aldri öfugt við efni um tísku og förðun sem hækkar með aldri. Nánari greiningu má sjá á mynd 20.

MYND 21. HVERNIG EFNI OG ÁHRIFAVALDA SKOÐA BÖRN OG UNGMENNI Á NETINU?

Niðurstöður flokkaðar eftir efnisflokkum og kyni. Tölur eru hlutfallstölur.



Á mynd 21 má sjá nokkra efnisflokka sem eru nokkuð ólíkir hjá strákum og stelpum. Þar má í fyrsta lagi nefna að fylgjast með tölvuleikjum eða fólki að spila þá. Tæplega 80% stráka í grunnskóla fylgjast með slíkum rásum en 26-34% stelpna. Í framhaldsskóla eru tölvuleikir og efnisveitur þeim tengdar síður vinsælar.

Á öllum skólastigum hafa strákar meiri áhuga á íþróttum á netinu en vinsældir íþróttanna minnka með aldri. Stelpur fylgjast meira en strákar með tísku og förðun, tónlist, mat, dýrum og raunveruleikastjörnum. Þó að strákar séu meira að fylgjast með íþróttum þá er hærra hlutfall stelpna sem fylgist með líkamsrækt á öllum skólastigum en hlutfallið hækkar í framhaldsskóla og á unglingastigi grunnskóla og verður 30-35%.

Þátttakendur voru beðnir um að nefna þrjá helstu áhrifavaldana sem þeir fylgdust með. Rúmur fjórðungur þeirra sem svöruðu spurningunni sagðist ekki fylgja neinum.

„HVADA YOUTUBE-RÁS, BLOGGARA, TÖLVULEIKJASPILARA EÐA ÁHRIFAVALDI FYLGIST ÞÚ MEST MEÐ?“

Ofangreindri spurningu var svarað með því að fylla út í textareit. Hver þátttakandi mátti nefna þrjú nöfn. Hér er búið að lista tólf vinsælustu áhrifavaldana í hverjum aldurshópi eftir kyni. Nöfnum er raðað eftir vinsældum.

4.-7. BEKKUR. TÓLF VINSÆLUSTU ÁHRIFAVALDAR/RÁSIR SEM ÞÁTTTAKENDUR FYLGJA.

STRÁKAR

- MrBeast
- Ssundee
- Sidemen
- LazarBeam
- Dream
- W2S
- PewDiePie
- Minecraft
- Fótbolta
- DanTDM
- Fortnite
- KSI

STELPUR

- Norris Nuts
- MrBeast
- Brent Rivera
- 5-Minute Crafts
- Dream
- SSSniperWolf
- TommyInnit
- Tónlist
- Roblox
- James Charles
- Charli D'Amelio
- Piper Rockelle

8.-10. BEKKUR. TÓLF VINSÆLUSTU ÁHRIFAVALDAR/RÁSIR SEM ÞÁTTTAKENDUR FYLGJA.

STRÁKAR

- Sidemen
- KSI, Olatunji
- MrBeast
- PewDiePie
- Jacksepticeye
- W2s
- Markiplier
- Dream
- David Dobrik
- Ssundee
- TommyInnit
- Danny AArons

STELPUR

- Emma Chamberlain
- James Charles
- PewDiePie
- TommyInnit
- David Dobrik
- Kyle Jenner
- Sidemen
- MrBeast
- Kardashians
- Dream
- GeorgeNotFound
- Sunneva Einars

FRAMHALDSSKÓLI. TÓLF VINSÆLUSTU ÁHRIFAVALDAR/RÁSIR SEM ÞÁTTTAKENDUR FYLGJA.

STRÁKAR

- PewDiePie
- Sidemen
- KSI
- MrBeast
- Jacksepticeye
- Markiplier
- xQc
- Dude Perfect
- Tom Scott
- Top Gear
- VanossGaming
- Cody Ko

STELPUR

- Emma Chamberlain
- PewDiePie
- Kylie Jenner
- James Charles
- David Dobrik
- Sidemen
- Sólrún Diego
- Jacksepticeye
- Markiplier
- Molly-Mae Hague
- Sunneva Einars
- Dream

YFIRLIT UM FJÖLDA ÞÁTTAKENDA

Í töflunni hér á eftir má sjá fjölda þátttakenda í grunn- og framhaldsskólum flokkaða eftir kyni og bekk eða aldri. Þar sem niðurstöður könnunarinnar eru vigtaðar eftir kyni með viðmiðunartölum frá Hagstofu Íslands er aðeins möguleiki að birta niðurstöður fyrir stelpur og stráka.

Grunnskóli	Stelpur		Strákar		Annað		Fjöldi alls	
4. bekkur	228	46.0%	267	53.8%	1	0.2%	496	100,0%
5. bekkur	307	48.9%	309	49.2%	12	1.9%	628	100,0%
6. bekkur	332	48.9%	332	48.9%	15	2.2%	679	100,0%
7. bekkur	332	50.1%	312	47.1%	19	2.9%	663	100,0%
8. bekkur	432	52.2%	365	44.1%	31	3.7%	828	100,0%
9. bekkur	378	47.8%	383	48.5%	29	3.7%	790	100,0%
10. bekkur	351	48.9%	347	48.3%	20	2.8%	718	100,0%
Samtals	2360	49.1%	2315	48.2%	127	2.6%	4802	100,0%

Framhaldsskóli								
15 ára	1	33,3%	2	66,7%	0	0,0%	3	100,0%
16 ára	147	57,9%	102	40,2%	5	2,0%	254	100,0%
17 ára	341	62,7%	193	35,5%	10	1,8%	544	100,0%
18 ára	201	65,3%	104	33,8%	3	1,0%	308	100,0%
Samtals	690	62,4%	401	36,3%	18	1,6%	1109	100,0%

TAFLA 1. FJÖLDI ÞÁTTAKENDA EFTIR BEKK/ALDRI OG KYNI.

BESTU ÞAKKIR

ÞAKKIR

Við þökkum skólaskrifstofum og fræðslustjórum fyrir að veita skólum sínum leyfi til að taka þátt í könnuninni Börn og netmiðlar. Kennarar grunnskólanna sem samþykktu góðfúslega að sjá um könnunina og öll ungmennin sem svöruðu spurningalistanum eiga bestu þakkir skilið.

Einnig þökkum við skólameisturum framhaldsskóla fyrir að taka jákvætt í erindi okkar og aðstoða okkur við framkvæmd könnunarinnar meðal framhaldsskólanema.